

# Reglur um öryggismyndavélar á starfsstöðvum Norðlenska og meðferð upplýsinga sem þær geyma

## Tilgangur öryggismyndavéla

1.1. Öryggismyndavélar á starfsstöðvum Norðlenska eru eingöngu til öryggis- og eignavörslu og aðeins má nota upplýsingar sem safnast í þeim tilgangi.

## 2. Ábyrgðaraðili

2.1. Norðlenska matborðið ehf, Grímseyjargötu, 600 Akureyri er ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga sem safnast með öryggismyndavélum á starfsstöðvum fyrirtækisins.

## 3. Geymsla upplýsinga

3.1. Upplýsingar úr öryggismyndavélum má ekki varðveita lengur en 90 daga.

3.2. Geymslu upplýsinga skal vera þannig háttað að engir aðrir en þeir sem hafa skilgreindan aðgang að upplýsingunum, geti komist í þær.

## 4. Upplýsingar til viðskiptavina

4.1. Viðskiptavinum og starfsmönnum skal gert viðvart um öryggismyndavélar, með merki eða á annan áberandi hátt.

## 5. Aðgangur að upplýsingum

### Innanhús

5.1. Ábyrgðaraðili öryggismyndavéla er tilnefndur af framkvæmdastjórn Norðlenska og hefur hann umsjón með öryggismyndavélum og hefur hann leyfi til að skrifa út upptökur.

5.2. Framkvæmdarstjóri, framleiðslustjórar og ábyrgðaraðili mega skoða upptöku í rauntíma og upptökur, sbr. þó gr. 1.1.

### Til utanaðkomandi aðila

5.3. Heimilt er að afhenda lögreglu eða dómsyfirvöldum upplýsingar úr öryggismyndavélum ef um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða.

5.4. Komi upp aðstæður þar sem verja þarf réttindi, eignir, öryggi Norðlenska fyrir skemmdarverkum, sviksamlegri eða ólögumháttsemi munum við deila upplýsingum með viðeigandi aðilum til að vernda hagsmuni Norðlenska, hagsmuni þína eða viðskiptavina okkar.

5.5. Einungis er heimilt að afhenda öðrum en ofangreindum aðilum upplýsingar úr öryggismyndavélum, ef samþykki þess sem upplýsingarnar snerta liggur fyrir eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar eða dómsyfirvalda.

5.6. Beiðni með ósk um afhendingu upplýsinga skal vera skrifleg og berast starfsmannastjóra Norðlenska eða staðgengli ef svo ber undir.

## 6. Dreifing, endurskoðun og útgáfa

6.1. Reglur um öryggismyndavélar á starfsstöðvum Norðlenska og meðferð upplýsinga sem safnast skal endurskoðuð árlega og vera aðgengileg fyrir alla starfsmenn, viðskiptavinum og eftir því sem við á.